

103

20. júní

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

13. gr.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

Þó má í þessu efni veita undanþágu í veizlum, sé þess sérstaklega óskað, enda komi samþykki húsnefndar til.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1957, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðueytið hefur staðfest þær.

Végarði, 5. ágúst 1959.

F. h. Ungmennafélags Fljótsdæla,
Bergljót Jørgensdóttir, formaður.

F. h. Fljótsdalshrepps,
Benedikt Friðriksson, oddviti.

F. h. Kvenfélagsins Einingin,
Lára Ó. Kjerúlf, form.

Framanskráðar reglur staðfestist hér með.

Menntamálaráðuneyti, 20. júní 1960.

F. h. r.

Ásgeir Pétursson.

Knútur Hallsson.

104

22. júní

SAMÞYKKT

um lokun sölubúða í Húsavík.

1. gr.

Sölubúðum í Húsavík skal lokað, eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

All virka daga ársins, skulu sölubúðir vera lokaðar frá kl. 18 til kl. 8.30, þó skulu vera frá þessu þær undantekningar er nú skal greina:

Aðfangadag jóla skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13. Gamlaársdag og laugardag fyrir páska kl. 16. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 24 og þriðja virkan dag fyrir aðfangadag til kl. 22. Frá 1. janúar til 30. apríl skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13 á laugardögum.

Á tímabilinu 1. maí til 20. september skal á laugardögum loka sölubúðum eiga síðar en kl. 12 og á föstudögum eigi síðar en kl. 19.

Frá 21. september til 31. desember skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 16 á laugardögum.

3. gr.

Á helgidögum Þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar. 1. desember og 1. maí skal sölubúðum lokað kl. 12.

4. gr.

104

22. júní

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur vera þessar undantekningar: Brauð- og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst frá kl. 9—12, eingöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó eigi heimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúðir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu, vistir og aðrar nauðsynjar, svo og bifreiðum benzín og olíur. Einnig er heimilt að selja langferðamönnum nesti fyrir lokuðum dyrum.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga. Einnig er lögreglustjóra heimilt að fyrirskipa lokun sölubúða einn dag í einu, eftir áskorun bæjarstjórnar.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð Húsavíkur. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Húsavíkur samkv. lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 190 13. nóv. 1953, um lokunartíma sölubúða í Húsavík.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.